

Sjúkratryggingar Íslands  
Vínlandsleið 16  
113 Reykjavík

Heilbrigðisráðuneytið  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík

Reykjavík, 27. júlí 2021

#### Málefni: Kostnaður vegna COVID-19 & Úrræði í stað COVID deildar

Nú þegar ný bylgja í faraldrinum er hafin, er ljóst að hjúkrunarheimili, dagdvalir og önnur fyrirtæki í velferðarþjónustu munu lenda í stórfelldum viðbótarkostnaði vegna hans. Á fyrri stigum faraldursins var skilningur hjá Sjúkratrygginum Íslands og Heilbrigðisráðuneytinu á því að aðstæður væru að valda auknum kostnaði, og að nauðsynlegt væri að til kæmi fjármagn til þess að mæta honum.

Eins og ítrekað hefur fram komið stendur rekstur hjúkrunarheimila og annarra aðila í velferðarþjónustu höllum fæti, og ekki er til staðar neitt svigrúm til að mæta auknum kostnaði (þvert á móti). Því er ákaflega mikilvægt, til þess að mögulegt sé að fara í allar nauðsynlegar sóttvarnaraðgerðir, að til komi fjármagn til að mæta kostnaði þessum.

Til upplýsingar um þær aðgerðir sem hjúkrunarheimili og dagdvalir þurfa að fara í vegna faraldursins, og þær aðgerðir sem koma til ef upp kemur smit, þá er gagnlegt að skoða nýútgefið efni frá almannavörnum og sóttvarnarlækni. Þar sést vel umfang nauðsynlegra aðgerða, sem allar fela í sér verulegan kostnað. Í framhaldi af aukningu smita í samfélaginu var Samráðsnefnd almannavarna, sóttvarnalæknis, hjúkrunarheimila og dagdvala virkjuð nú í síðustu viku. Á vettvangi nefndarinnar hefur verið unnið að leiðbeiningum og tilmælum til hjúkrunarheimila og dagdvala, og hafa almannavarnir og sóttvarnalæknir nú gefið út:

- Leiðbeiningar um einangrun og sóttkví vegna COVID-19 á hjúkrunarheimilum og öðrum sambærilegum stofnunum í velferðarþjónustu.
- Varúð og viðbrögð vegna kórónuveiru (COVID-19) - Leiðbeiningar til starfsfólks hjúkrunarheimila og dagdvala

Leiðbeiningar þessar eru meðfylgjandi erindi þessu.

Samtökin benda sérstaklega á að þegar eru til staðar greinagóðar upplýsingar um kostnað vegna sóttvarnaraðgerða (allt frá aukinni mönnun til ráðstafana í húsnæði), sem nýta má til að meta kostnaðinn sem nú mun falla til. Þannig stóðu bæði SÍ og SFV / Samband íslenskra sveitarfélaga, fyrir ítarlegri gagnaöflun á fyrri stigum, og SÍ hafa þannig þegar reynslu af því að meta kostnaðinn og bæta hann.

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu óska virðingarfyllst eftir því að farið verði hratt í vinnu við að bæta kostnað hjúkrunarheimila, dagdvala og annarra aðila í velferðarþjónustu vegna faraldursins, og að gert verði samkomulag milli Sjúkratrygginga og SFV um að sá kostnaður sem nú fellur til, verði bættur. Samtökin hvetja auk þess til að þetta verði gert eins hratt og mögulegt er, í þeim tilgangi að

þeir aðilar sem nú fara í nauðsynlegar og stórfelldar aðgerðir vegna faraldursins, hafi vissu um að kostnaður vegna þess verði bættur.

### **Covid-deild eða önnur úrræði**

Eins og fulltrúar Sjúkratrygginga og ráðuneytisins þekkja, þá var á fyrri stigum faraldursins mikil þörf fyrir sérstakt úrræði til að sinna COVID smituðum íbúum hjúkrunarheimila, og var því gerður samningur við dótturfélag Eirar um að opna og reka sérstaka deild fyrir COVID smitaða íbúa hjúkrunarheimila, sem var staðsett í húsnæði Eirar. Farið var í þetta úrræði vegna þess að aðilar samningsins mátu það sem svo að aðstæður á hjúkrunarheimilum væru með þeim hætti að ekki væri með góðu móti hægt að tryggja öryggi allra íbúa og koma í veg fyrir hópsmit, ef íbúi á hjúkrunarheimili væri smitaður inni á hjúkrunarheimili. Í slíkum tilfellum vær það faglegt mat að flytja smitaðan íbúa á einangrunardeild. Ljóst er að erfitt getur reynst að einangra aldraðan einstakling inni í herbergi í 14-30 daga, þar sem stór hluti af öldruðum á hjúkrunarheimilum þjást af einhvers konar heilabilun. Covid deild þar sem einstaklingur er frjáls ferða sinna innan deildar er meðferð sem byggir á mannúðlegu sjónarmiði.

Það hefur komið fram hjá mörgum aðildarfélögum SFV að mikil þörf sé til staðar á slíku úrræði aftur, þar sem deildin á Eir er ekki lengur til staðar. Þannig var undirrituðum falið það hlutverk að hefja samtal við Sjúkratryggingar og Heilbrigðisráðuneytið á mögulegum lausnum á þessu máli. Samtökin óska virðingarfyllst eftir því að funda með Sjúkratryggingum og ráðuneytinu um þetta hið fyrsta, og að hratt verði farið í vinnu við að tryggja slíkt úrræði, sem til staðar væri meðan faraldurinn endist.

**Samtökin óska eftir að funda með Sjúkratryggingum og Heilbrigðisráðuneytinu um ofangreind mál, og að hratt verði unnið að því að leysa þau. Það er eindregið mat samtakanna að engan tíma megi missa við að finna úrlausnir á þessum málum.**

Virðingarfyllst, f.h Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

Sigurjón Norberg Kjærnested, framkvæmdastjóri